

Leiðbeiningar fyrir sýnendur – Gullkistan Vestfirðir 2025

Sýningardagur: Laugardagurinn 6. september 2025

Staðsetning: Íþróttahúsið á Torfnesi, Ísafirði

Sýningartími: kl. 12:00–17:00

Sýnendur geta mætt: kl. 8:00

Uppsetning og frágangur

Húsið opnar kl. 8:00 fyrir sýnendur.

Við biðjum sýnendur að koma með búnað og vörur inn í húsið og færa bílinn strax eftir það út af svæðinu.

Ganga þarf frá básnum strax eftir að sýningu lýkur kl. 17:00.


Ekki er heimilt að skilja eftir búnað í húsinu yfir nótt.

Stærð og útlit bása

Fjöldi veggþila fer eftir stærð bássins:

Þil eru 95 cm á breidd og 237 cm á hæð.:

- 4 m² = 2 þil (190 cm bakveggur)
- 6 m² = 3 þil (285 cm bakveggur)
- 8 m² = 4 þil (380 cm bakveggur)
- 10 m² = 5 þil (475 cm bakveggur)



Dæmi um sýningakerfi

Prentefni má hengja upp með krókafestingum. Ef líma á efni, þarf að nota sérstakt lím sem verður í boði á staðnum.

Hver bás er merktur með nafni þess fyrirtækis sem skráð er á eyðublaðinu. Ef fleiri fyrirtæki deila bás, verður aðeins eitt heiti sem aðilar koma sér saman um á skyggni bássins.

Um samnýtingu bása

Sameiginlegt 2 m² svæði

Engir veggir eða bakgrunnur eru í boði.

Sýnendur koma sjálfir með borð/stóla og merkingar ef þeir vilja aðgreina sig (t.d. nafnspjald eða pop up stand).

Rafmagn og lýsing eru í boði, en plássíð er opið og samnýtt.

Rafmagn og búnaður

Rafmagn er í boði fyrir léttan kynningarbúnað (tölvur, skjái, ljós).

Ekki er hægt að fá 3 fasa tengla eða tengingar fyrir stóran búnað.

Hljóðbúnað má aðeins nota ef hljóði er stillt í hóf og það truflar ekki aðra sýnendur.

Smakk og sala

Sala á vörum er leyfileg.

Ef þú ert með matvæli, máttu bjóða upp á smakk – en ekki er aðgengi að eldhúsi eða vaski á svæðinu.

Við mælum með einfaldri uppsetningu.

Myndatökur

Skipuleggjendur munu taka ljósmyndir og myndefni af sýningunni til notkunar í kynningarefni og fjölmiðla.

Ef það eru einhverja spurningar hafðu samband við gudrunanna@vestfirdir.is eða solvi@vestfirdir.is